



Forsætisráðuneytið
Samráðsgátt Ísland.is
Mál nr. 91/2018

Reykjavík 17. ágúst 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um áform um frumvarp til breytinga á lögum um umboðsmann barna.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um áform um breytingu á lögum um umboðsmann barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það tækifæri.

Barnaheill fagna þeim áformum sem kynnt hafa verið samtökunum um breytingar á lögum um umboðsmann barna.

Samtökin taka heilshugar undir þau sjónarmið sem koma fram í umfjöllun ráðuneytisins um málið, að umboðsmaður barna hafi sérstöku hlutverki að gegna við eftirfylgni og aðhald við framfylgd Barnasáttmálans á Íslandi. Mikilvægt er að formfesta það hlutverk umboðsmanns barna með lögum og sérstaklega vegna lögfestingar Barnasáttmálans.

Jafnframt fagna samtökin þeim sjónarmiðum sem fram koma um að gott samfélag sé barnvænt samfélag og skuli stuðlað að jafnri þátttöku allra, m.a. með aukinni áherslu á þátttöku barna til áhrifa á mótun samfélagsins, án mismununar af nokkru tagi. Hlutverk umboðsmanns barna sé að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna á öllum sviðum samfélagsins. Skuli umboðsmaður setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna.

Styrkja þarf heimildir umboðsmanns barna til að afla gagna og miðla upplýsingum um aðstæður barna til að nýta m.a. til grundvallar samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna á öllum stigum stjórnsýslunnar.

Barnaheill fagna áformum um að lögfesta árlegt Barnaþing þar sem farið verði yfir stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins og að niðurstöður verði nýttar til áframhaldandi styrkingar á réttindum barna og framfylgni þeirra.

Barnaheill hvetja stjórnvöld til að ganga enn lengra í þessu skrefi, með því að undirrita og fullgilda þriðju valfrjálssu bókunina við Barnasáttmálann, sem á að gera börnum kleift að senda kvartanir beint til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Samtökin telja það brýnt verkefni til að styrkja mannréttindi barna hér á landi og sé viðurkenning á því að börn séu í raun einstaklingar með sjálfstæð réttindi, án mismununar og óháð stétt eða stöðu.

Samtökin taka fús þátt í frekara samtali um breytingar á lögum um umboðsmann barna og um framfylgni mannréttinda barna á Íslandi.